

STJÓRNARTÍÐINDI C 1 – 1998

31. mars 1998

1

Nr. 1

AUGLÝSING

um gildistöku Norðurlandasamnings um samvinnu í baráttu gegn mengun sjávar af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna.

Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samvinnu í baráttu gegn mengun sjávar af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna, sem gerður var í Kaupmannahöfn 29. mars 1993, öðlaðist gildi 16. janúar 1998, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 27/1995 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. mars 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

31. mars 1998

Nr. 2

AUGLÝSING

um samning við Kanada um samframleiðslu á sviði hljóð- og myndverka.

Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar lýðveldisins Kanada um samframleiðslu á sviði hljóð- og myndverka, sem gerður var í Washington 15. október 1997, öðlaðist gildi 2. febrúar 1998.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. mars 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.